



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Sent á Samráðsgátt Stjórnarráðsins

20. febrúar 2020

Tilv.:2002010

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til breytinga á áfengislögum

Á Samráðsgátt Stjórnarráðsins var til umsagnar frumvarp til breytinga á áfengislögum, dagana 13.-20. febrúar 2020. Með frumvarpinu er lagt til að veita undanþágu frá einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda. Með frumvarpinu er heimilað að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda.

Samkeppniseftirlitið hefur áður veitt umsagnir við sambærileg frumvörp um smásölu áfengis og komið á framfæri sjónarmiðum sem varða m.a. markmið samkeppnislaga, að samkeppni í viðskiptum sé bæði æskileg og nauðsynleg þar sem hún m.a. auki velferð neytenda og stuðli að hagkvæmni og þróttmiklu atvinnulífi. Í umræddum umsögnum hefur einnig verið gerð grein fyrir ábendingum og kvörtunum sem Samkeppniseftirlitinu hafa borist vegna háttsemi ÁTVR á áfengismarkaði. Kvartanirnar hafa einkum varðað vöruvalsreglur fyrirtækisins, synjun þess að taka vörur í reynslusölu, stærðartakmarkanir á sölueiningum áfengra drykkja sem heimilt er að bjóða til sölu í verslunum ÁTVR, framsetningu/uppstillingu drykkja í verslunum ÁTVR, meintar ávirðingar þess efnis að ráðgjafar á vegum ÁTVR hygli ákveðnum aðilum umfram aðra og greiðslufyrirkomulag ÁTVR á áfengi sem er í reynslusölu.

Samkeppniseftirlitið hefur áður komið því á framfæri að það sé fylgjandi því að núgildandi fyrirkomulag við sölu áfengis verði endurskoðað. Eftirlitinu sé hins vegar ljóst mikilvægi þess að löggjafinn leitist við að vernda samfélagið og einstaklinga frá þeirri vá sem neysla áfengis getur haft í för með sér. Til þess á hins vegar að velja þær aðferðir sem skerða frjálsa samkeppni sem minnst.

Eru sjónarmið sem fram hafa komið í eldri umsögnum hér með ítrekuð, og áskilur Samkeppniseftirlitið sér rétt á að veita ítarlegri umsögn um frumvarpið við meðferð þess fyrir Alþingi.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Haukur Guðmundsson